

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

í grunnskólum Hafnarfjarðar

skólaárið 2016-2017



Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2016-2017 Að verða betri í dag en í gær

Haustið 2016 var Litla upplestrarkeppnin sett formlega á degi íslenskrar tungu í sjöunda sinn í Hafnarfirði. Þegar þessi skýrsla er skrifuð er ánægjulegt að segja frá því að stöðugt taka fleiri og fleiri grunnskólar á landinu þátt í verkefninu og virðast kennarar vera sammála um mikilvægi Litlu upplestrarkeppninnar og vekur hún bæði ánægju, eflir sjálfstraust og bætir lestrarfærni.


Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Skýrsla þessi hefur að geyma öll bréf sem send voru til kennara í Hafnarfirði, form á hátíðunum, dagskrá hátíðanna, lesefnið og að lokum er samantekt úr öllum skýrslum kennara úr grunnskólum Hafnarfjarðar. Það er alltaf ánægjulegt og lærdómsríkt að lesa greinargerðir kennara og greinilegt að kennarar telja að verkefnið styðji við það sem þeir eru að gera. Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem styrkur við þær aðferðir og vinnu sem er í gangi hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mikla gleði og samkennd nemenda er talkórinn. Það má því með sannni segja að það hlýtur að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Haldnar voru 17 lokahátíðir í skólunum og voru þær vel sóttar og öllum til mikils sóma. Litla upplestrarkeppnin hefur náð að festa sig í sessi í grunnskólum Hafnarfjarðar og fleiri og fleiri byggðarlög bætast við árlega.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta bæði keppt að betri árangri og sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Hafnarfirði á haustdögum 2017.


verkefnisstjóri og form. Radda, samtaka um
vandaðan upplestur og framsögn.

Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2016-2017

Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk er greinilega búin að festa sig í sessi og vekur ánægju og sýnir miklar framfarir hjá nemendum.

Markmiðið er ávallt að auka lestrarfærni og bæta upplestur og er rétt að undirstrika að hugtakið keppni í þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær.


Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

Einkunnarorðin eru: VANDVIRKNI - ÁNÆGJA - VIRÐING

Ingibjörg Einarsdóttir, verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu.

Litla upplestrarkeppnin



Viðurkenning

hefur tekið þátt í
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk
skólaárið 2016 - 2017.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Fyrir hönd Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn,

Ingibjörg Einarisdóttir

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Skólaárið 2016-2017

Lokahátíð í apríl 2017

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum.

Höfundar: Einar Sigurðsson; Guðmundur Ólafsson, Kristján Hreinsson, Theodóra Thoroddsen, Stefán Jónsson, Þórarinn Eldjárn, Þorsteinn Erlingsson, úr dæmisögum Esóps og Þjóðsaga.

Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði/viðkomandi bæjarfélagi og svo í haust og hver markmiðin eru. Ef skólastjóri byrjar þá býður hann kynni að taka við og stýra hátíðinni. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast.

Dagskrá

1. Tónlistaratriði (spilað á hljóðfæri eða almennur söngur, t.d. Snati og Óli)
2. Emil og Skundi (Guðmundur Ólafsson)
3. Þula (Theodóra Thoroddsen)
4. Óskabjúgað (Þjóðsaga)
5. Gestalesari úr 7. bekk (fulltrúi skólans úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars, t.d. lesið ljóð sem nemandinn flutti á hátíðinni í Hafnarborg.)
6. Tónlistaratriði
7. Þulan Köttur og mús (Kristján Hreinsson eða þula frá fyrra ári eftir sama höfund)
8. Refurinn og krákan (úr dæmisögum Esóps)
9. Gömul vísa um refinn (Einar Sigurðsson)
10. Ljóðin Vináttan og Þakklæti (Kristján Hreinsson eða önnur ljóð úr fyrra lesefni)
11. Úlfurinn, kiðlingurinn og geitin (úr dæmisögum Esóps)
12. Sköpunarsagan (Stefán Jónsson)
13. Óskirnar tvær (Ókunnur höfundur)
14. Orð (Þórarinn Eldjárn)

Lesefni

Litla upplestrarkeppnin 2017

Ingibjörg Einarsdóttir

Lesefni

Snati og Óli (Þorsteinn Erlingsson)

Heyrðu snöggvast, Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu ekki hringinn þinn
ég hermannlega bæri?

Lof mér nú að leika að
látúnshálsgjörð þinni.
Ég skal seinna jafna það
með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn
þér er heimil ólin.
En hvenær koma, kæri minn,
kakan þín og jólin?

Emil og Skundi (Guðmundur Ólafsson)

Sögumaður 1

Emil horfði heillaður inn í augu hvolpsins, gleymdi stund og stað, ekkert var til nema þessi brúnu, saklausu augu sem honum fannst hann sogast inn í.

Lesari (Alli)

Finnst þér Vaskur ekki fínt nafn?

Sögumaður 2

Hann hrökk upp úr hugleiðslu sinni. Það var eigandi hvolpsins, Alfreð, besti vinur hans, sem hafði talað. Hann átti afmæli í dag og hvolpurinn Vaskur var afmælisgjöf. Þeir voru inni í herbergi Alla, veislan var búin, hann var eini gesturinn sem eftir var.

Lesari (Emil)

Jú, það er fínt nafn.

Lesari (Alli)

Líst þér ekki vel á hann?

Lesari (Emil)

Hann er ofsalega fallegur, hvar fékkstu hann?

Lesari (Alli)

Pabbi sá auglýsingu í blaði um hvolpa til sölu. Svo fórum við í gær og ég fékk að velja mér einn. Það voru nefnilega fjórir hvolpar.

Sögumaður 3

Emil horfði á hvolpinn sem sat og sleikti á sér annan framfótinn. Hann var ljósbrúnn á litinn, loðinn og eyrun löfðu.

Lesari (Emil)

Heitir hann eitthvað sérstakt? Ég meina, einhver sérstök tegund?

Lesari (Alli)

Já, hann heitir Gólden Retrívíer.

Lesari (Emil)

Hvað kostaði hann?

Lesari (Alli)

Átta þúsund.

Lesari (Emil)

Átta þúsund! Vá maður!

Lesari (Alli)

Já, en hann er líka hreinræktaður.

Lesari (Emil)

Hvað er það?

Lesari (Alli)

Það er sko ef bæði pabbinn og mamman eru af sömu tegund.

Sögumaður 4

Drengirnir ræddu nú fram og aftur um hvolpinn Vask sem virtist una sér hið besta á nýja heimilinu sínu. Alli sagðist ætla að fara næsta dag og kaupa á hann ól svo hann gæti farið með hann út að labba.

Lesari (Emil)

Ég get aldrei keypt mér hvolp á átta þúsund krónur.

Lesari (Alli)

Heyrðu, það var önnur auglýsing, einhver kona og hún var með blendingshvolpa, sem eru ekki eins dýrir.

Lesari (Emil)

Blendingshvolpa? Hvað er nú það?

Lesari (Alli)

Jú, það er sko einhvern veginn þannig að ef pabbinn er ekki alveg af sömu tegund og mamman, þá er hvolpurinn þeirra kallaður blendingur. Þá eru þeir ekki alveg hreinræktaðir.

Lesari (Emil)

Hvað kostuðu þeir?

Lesari (Alli)

Þeir kostuðu bara tvö þúsund og fimm hundruð.

Lesari (Emil)

Bara tvö þúsund og fimm hundruð, það finnst mér nú ekki dýrt. Kannski gæti ég keypt mér einn ef mamma og pabbi leyfðu mér það.

Lesari (Alli)

Já, það væri sniðugt. Þá gætum við alið þá upp saman.

Lesari (Emil)

Eigið þið enn þá auglýsinguna?

Lesari (Alli)

Ég skal spyrja pabba.

Sögumaður 5

Drengirnir fóru fram. Alli spurði pabba sinn hvort hann ætti ennþá auglýsinguna um hvolpana. En það átti hann ekki. Aftur á móti var hann með símanúmerið hjá konunni og það væri hægt að hringja í hana.

Sögumaður 6

Hann spurði Emil hvort hann væri búinn að fá leyfi hjá foreldrum sínum til að kaupa hvolpa. Þegar hann svaraði því neitandi sagði Allapabbi honum að hringja heim og spyrja.

Sögumaður 7

Emil hringdi en enginn svaraði. Þau eru sjálfsagt uppi í húsinu eitthvað að vinna. En pabbi Alla stakk upp á því að hann hringdi í konuna og athugaði hvort einhver hvolpur væri eftir.

Sögumaður 8

Þegar hann kom úr símanum sagði hann að það væri einn hvolpur eftir og konan hefði lofað að taka hann frá þar til á morgun. Hann hafði gefið henni upp nafn Emils og sagt að hann myndi hafa samband við hana daginn eftir.

Sögumaður 9

Emil kvaddi nú fólkið og Vask, enda klukkan að verða sjö. Andartak velti hann því fyrir sér hvort hann ætti að fá að geyma hjólið og taka strætó upp í Breiðholt þar sem foreldrar hans voru að byggja. En svo ákvað hann að fara beint heim og bíða eftir þeim þar. Þau hlutu að fara að koma.

Þula (Theodóra Thoroddsen)
(hér má skipta milli lesara eins og hentar)

Kom ég þar að kveldi,
er kerling sat að eldi,
hýsti hún fyrir mig hestinn minn
og hét að lána mér bátinn sinn,

Því langt er til landanna,
liggur á milli strandanna.
Ægir karl með yggldar brár
og úfið skegg á vöngum,
og dætur hans með hrímhvítt hár
hoppa fram af töngum.

Kitla ég þær með einni ár,
þær ybba sig og gretta,
fetta og bretta,
froðunni á mig skvetta.

Óskabjúgað (þjóðsaga)

Sögumaður

Fátækur bóndi og kona hans settust einu sinni að borði og höfðu eigi annað til matar en jarðepli. Konan varpaði öndinni mæðilega og mælti.

Lesari 2 (konan)

Ó, ég vildi að við fengjum einhvern tíma eitthvað annað að borða en þessi jarðepli.

Sögumaður

Í sömu andráníni stökk álfur upp á borðið og sagði.

Lesari (álfurinn)

Þið skuluð fá þrjár óskir. Segið þið til, hvað þið viljið fá.

Sögumaður

Konan var ekki lengi að hugsa sig um og sagði.

Lesari 2

Ég vildi að ég ætti mér álnarlangt bjúga til miðdegisverðar.

Sögumaður

Í sama bili datt bjúgað niður á diskinn hennar. Ánægjan skein út úr konunni við þetta, en maður hennar varð bálreiður og hrópaði í bræði sinni.

Lesari 3 (maðurinn)

Alltaf ertu jafnheimsk. Ekki nema það þó, að óska sér bjúga þegar maður getur fengið eitthvað miklu betra. Það væri mátulegt handa þér að bjúgað að tarna yrði fast við nefið á þér.

Sögumaður

Þá stökk bjúgað upp á nefið á konunni. Og konan togaði í og karlinn togaði í en bjúgað sat sem fastast. Þá klóraði bóndi sér í höfðinu og sagði með grátstafinn í kverkunum.

Lesari (maðurinn)

Sjáðu nú. Tvær óskirnar eru búnar. Nú er ekki nema ein eftir. Og ekki geturðu gengið með bjúgað að tarna á nefinu alla ævi þína. Nú er ekki annað ráð en óska því burtu aftur.

Sögumaður

Bjúgað hvarf og álfurinn hvarf og hjónin settust aftur að jarðeplunum sínum og óskuðu sér nú einskis frammar.

ÞULA UM KÖTT OG MÚS (Kristján Hreinsson)

(Vel má hugsa sér að skipta hverju erindi á milli tveggja lesara. Eins geta tveir eða fleiri lesið í kór hvert erindi. Þá má hæglega sleppa nokkrum erindum án þess að það dragi úr gildi þulunnar ef það þykir henta hópnum betur.)

1. (skipta má erindinu í tvennt, tveir lesarar eða fleiri)

Ég segi ykkur sögu fús
og sagan er um kött og mús
sem þráðu bara koss og knús
og kærleika í næði,
þau vildu bara finna frið
og fá að veita öðrum lið
þau vildu ganga hlið við hlið
með hamingjunni bæði.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

2.

Svo ólíkt margt þau gátu gert
sem gjarnan sagt er mikils vert
því vandi finnst við fótmál hvert,
þá færni þarf að beita.
Hinn stóri köttur komst á sprett,
en kná var músin, mjó og nett,
þau saman gerðu lífið létt,
því ljúft var hjálp að veita.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

3.

Í langa ferð er lagt af stað,
þau leyndarmálum komast að
ef annað hefur heyrt um það
sem hitt vill fá að vita.
Um lítið op á kökukrús
víst komist getur smágerð mús
og kettinum hún færir fús
einn finan kökubita.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

4.

Þau fóru tvö um langa leið.
Í leyni stundum hætta beið
þó komust þau hjá þraut og neyð
ef þétt þau stóðu saman.
Í ævintýrum alla tíð
og ávallt laus við þras og stríð
en leystu þrautir þæg og blíð
því það var meira gaman.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

5.

Þau sáu vaxa vorsins blóm
og víst þau heyrðu fagran óm
og fuglasöngsins hreina hljóm
á heitum sumardegi.
Þau fóru upp á fjallsins tind
og fundu haustsins tæru lind
og vetur kom með kaldan vind
um kvöld á lífsins vegi.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

6.

Þau litu bjartan lífsins dag
og létu hljóma gleðibrag
og saman tvö við sólarlag
þau sælu máttu lofa.
Þau sáu daga svífa hjá
og sáu kvöldin dimm og grá.
Ef fögur nóttin fór á stjá
þá fengu þau að sofa.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

7.

Þau brugðu sér í berjamó
og busluðu í köldum sjó,
þau dönsuðu í djúpum snjó
og draumar þeirra rættust.
Þau fengu oft að finna til,
þau fóru gegnum hríðarbyl.
Svo skynjuðu þau ást og yl
ef augu þeirra mættust.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

8.

Hvort sannleikskorn mín saga á
því síst ég þarf að greina frá
en hlustandinn það heyra má
sem heillavænlegt reynist.
Og kannski er hún ævintýr,
einlæg frásögn, hrein og skýr
um heiminn þar sem birtan býr
og boðskapurinn leynist.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

9.

Já, mörg er lífsins brekka brött
og býsna margt er út í hött
og músin sem vill knúsa kött
er kannski talin galin,
hún fordómana forðast kann,
hún fallegasta vininn fann
og er svo glöð að eiga hann
sem yl í hjarta falinn.

Allir

Já, kötturinn er ekki eins og hinir
og auðvitað hann játar þetta fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

Refurinn og krákan (úr dæmisögum Esóps)

Sögumaður 1

Kráka hafði nælt sér í stærðar ostbita í gluggakistu og hafði nú komið sér fyrir á hárrí trjágrein og ætlaði að fara að gæða sér á ostinum. Refur nokkur sá þennan girnilega bita í goggi krákunnar og reyndi nú að hugsa upp ráð til að ná honum.

Refurinn

Æ, kráka, en hvað vængirnir þínir eru fallegir! En hvað augun þín eru björt! Og hvað hálsinn er tignarlegur! Og brjóstið á þér er í rauninni eins og arnarbrjóst! Og klærnar - ég segi það satt - það jafnast ekkert á við þær hjá neinu dýri á jörðinni. Ef röddin í þér er í samræmi við fegurð þína ættir þú skilið að vera kölluð drottning fuglanna!

Sögumaður 2

Krákan varð svo upp með sér af smjæðri refsins að hún opnaði gogginn til að láta hann heillast af krunkinu - en þá datt ostbitinn og rebbi var fljótur að grípa hann. Og áður en hann gekk burtu kallaði hann til krákunnar:

Refurinn

Það má vel vera að þú hafir rödd, en hvar eru gáfurnar?

Gömul vísa um refinn (Einar Sigurðsson)

Refurinn hælir hrafni mest,
hann kunni að syngja fugla best,
krummi trúði og kvað við dans,
komst svo rebbi að osti hans.
Heimskur er sá sem hugnast orðin hæðins manns.

VINÁTTA (Kristján Hreinsson)

Hér hefur kennari líka val um fleiri ljóð eftir Kristján sem er að finna í lesefni fyrri ára.

Vinur þér með visku kann
að veita tryggð og festu,
gæska þín skal gleðja hann
og gjafir þínar bestu.

Í vindi er þinn vinur skjól
og von á slæmum degi,
í kulda er hann eins og sól
með yl á þínum vegi.

Vinur kann að sýna sátt,
hann sorgir læknað getur.
Þú veist að þegar vin þú átt
þá virkar lífið betur.

ÞAKKLÆTI (Kr.Hr.)

Ef hugur skynjar hér og nú
hve heppin sál þú ert,
með alúð hjartans þakkar þú
það sem vel er gert.

Þú lofar dagsins ljúfa blæ
og lífsins helgidóm
er þakklát vitund vökvar fræ
sem verða falleg blóm.

Þakklát sál þín blómstrar brátt,
þá brostir hún og hlær,
því öllum stundum sæl og sátt
hún sanna gleði fær.

Úlfurinn, kiðlingurinn og geitin (úr dæmisögum Esóps)

Sögumaður 1

Geitamamma þurfti að fara á markaðinn einn morgun til að sækja vistir til heimilisins, handa sér og kiðlingunum sínum.

Geitamamma

Gættu hússins vel, kæri sonur og hleyptu engum inn nema hann segi þessi orð: „Niður með úlfinn og allt hans kyn“.

Sögumaður 2

En það vildi svo undarlega til að úlfurinn var að sniglast þarna rétt hjá og heyrði það sem geitamamma sagði. Hann trítlaði því upp að húsinu um leið og geitamamma var farin, barði að dyrum og sagði mildri rödd:

Úlfurinn

Niður með úlfinn og allt hans kyn. Ég er geitin hún mamma þín.

Sögumaður 3

Þetta voru að vísu réttu lykilorðin. En til öryggis gægðist kiðlingurinn út um rifu á hurðinni og sá þá andlit sem ekki var með skegg eins og geiturnar.

Kiðlingurinn

Síðan hvenær eru geitur skegglausar?

Sögumaður 4

Úlfurinn hrökklaðist þá á brott, jafnhungraður og áður.

Kiðlingurinn sagði nú við sjálfan sig um leið og hann horfði á eftir úlfinum halda inn í skóginn.

Kiðlingurinn

Það er víst aldrei farið of varlega.

Sköpunarsaga (Stefán Jónsson)

Lesari

Hún amma mín, konan hans afa
er ekki á frásagnir spör,
ef verð ég um eitthvað í vafa,
hún veitir mér fullkomin svör.

Tveir eða fleiri (talkórinn)

Og enginn er til nema amma
sem eins kann á hlutunum skil,
hún man, sko, allt betur en mamma,
hún man, hvernig við urðum til.

Lesari

Um garð sinn var afi að ganga
einn góðviðrisdag, er hann fann
þar örlítinn stúlkubarns anga
hjá engli, sem gaf honum hann.

Talkórinn (val um fjölda)

Og afi var fljótur á fæti
og fund sinn til ömmu hann bar,
og þá varð nú þokkaleg kæti,
því þetta hún mamma mín var.

Lesari

Hún stækkaði og ólst upp hjá ömmu
og afa, svo þrúð og svo hljóð.
og afi og amma við mömmu
voru auðvitað dæmalaust góð.

Talkórinn

Einn dag var hún lengi úti á labbi
um ljómandi og sólgullinn stíg,
þá rakst hún á pilt. Það var pabbi.
Og pabbi minn gaf henni sig.

Lesari

Þau gengu þar suður að sjónum,
þá sagði hann pabbi minn hátt:
ég vil, að við verðum að hjónum
í vor, ef þú getur og mátt.

Talkórinn

Hún svaraði: - Yndið mitt eina,
við ættum að byggja okkur hús.
- Það finnst mér. Það vil ég reyna,
til þess er ég, sagði hann, fús.

Lesari

Um loftsalinn ljómandi bláa
barst logandi sólgeislaflóð,
og guð uppi á himninum háa
hann horfði á, hve þau voru góð.

Talkórinn

Og svo meðal gjafanna góðu,
er giftingardagurinn var
hann laumaði lítilli skjóðu
og lét þau svo finna hana þar.

Lesari

Þau opnaðu skjóðuna í skyndi,
en skjóðan var alls ekki tóm,
því í henni var þeirra yndi
og einna helst svolítið blóm.

Talkórinn

Og hamingjan hámarki náði,
en hún var mjög einkennileg,
því að blómið var bláeygður snáði,
sem brosti. - Og það var, sko, ég.

Lesari

Ég um það er alls ekki í vafa,
að átt hefur þetta sér stað,
því að amma mín, konan hans afa,
er alltaf að segja mér það.

Talkórinn

Ég engan svo orðvaran þekki
sem ömmu, og þess vegna skil,
að amma mín skrökvar því ekki,
að ég yrði á þennan hátt til.

Óskirnar tvær (ókunnur höfundur)

Lesari

Það bjuggu einu sinni gömul hjón í Austurríki. Þau voru bláfátæk. Það var vani gamla mannsins að ganga dag hvern út í skóg og tína ilmandi greniköngla. Úr þeim bjó hann til alls konar skrautgripi sem hann seldi ferðamönnum sem áttu leið hjá heimili hans.

Lesari

Dag nokkurn var gamli maðurinn á gangi úti í skógi og heyrði þá eitthvert hljóð frá runna einum þar í grennd. Hann horfði rannsakandi á runnann án þess að verða nokkurs var. En svo sá hann allt í einu pínulítinn mann, klæddan rauðum skarlatasklæðum.

Lesari

Hann var að reyna að losa sig af lítilli hríslu. Hann var svo lítill að vel hefði mátt setja hann í fingurbjörg. Gamli maðurinn beygði sig niður og losaði vesalings mannveruna eða blómálfinn af greininni.

Gamli maðurinn

Gerðu svo vel, litli maður, nú getur þú haldið leiðar þessar, en í næsta skipti skaltu gá betur að hvar þú gengur.

Lesari

Blómálfurinn lagfærði fót sín og sagði því næst með röddu sem hljómaði eins og lítill silfurbjalla.

Lesari

Þakka þér fyrir, gamli maður. Þetta mun ég launa þér. Ég gef þér tvær óskir. Þú getur óskað hvers sem þig lystir og þér mun veitast það. Að svo búnu hvarf hann á milli trjána.

Lesari

Við hádegisverðarborðið sagði gamli maðurinn konu sinni hvað fyrir hafði komið og þau ákváðu að óska sér einhvers.

Gamli maðurinn

Hvers eigum við að óska okkur?

Gamla konan

Óskaðu auðæfa.

Gamli maðurinn

Ég óska þess að ég verði ríkasti maður í heimi.

Lesari

Þá kom allt í einu ógurleg vindhviða og er hún var gengin yfir voru gömlu hjónin komin í stórt hús þar sem mikill fjöldi þjóna var á hlaupum fram og aftur.

Gamli maðurinn

Þetta er gaman.

Lesari

Gamli maðurinn skipaði einum þjóninum strax að fylgja sé þangað sem fjársjóðirnir væru geymdir. Þjónninn fór með hann niður marga stiga, niður í stóran kjallara þar sem geymdar voru fullar kistur af gulli og gersemum.

Gamli maðurinn (hló og hrópaði)

Nú er ég ríkasti maður í heimi.

Lesari

Hann settist niður við að telja gullpeningana sína. Upp frá þessum degi var hann öllum stundum í kjallaranum nema á nóttunni en þá stóðu varðmenn vörð um húsið svo að engu yrði stolið.

Lesari

En gamli maðurinn gat ekki sofið á næturnar af ótta við þjófa. Og á daginn taldi hann peningana sína og gersemar til þess að vita hvort nokkru hefði verið stolið. Við konu sína talaði hann mjög sjaldan.

Lesari

Og tíminn leið. Loks kom þó að því að maðurinn sagði.

Gamli maðurinn

Kona, við vorum aldrei svona óhamingjusöm á meðan við vorum fátæk. Þá tíndi ég greniköngla á morgnana og á kvöldin sungu fuglarnir þegar tunglið skein. Ég vildi að við værum aftur orðin fátæk.

Lesari

Og aftur kom vindur og þau voru aftur komin í gamla kofann sinn. Þau horfðust brosandi í augu.

Gamli maðurinn

Nú höfum við hvort annað og það er betra en að eiga gull og gimsteina.

Lesefni

Litla upplestrarkeppnin 2017

Ingibjörg Einarsdóttir

ORÐ (Þórarinn Eldjárn)

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við eða fleiri)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(fleiri bætast við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(fleiri bætast við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(fleiri bætast við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI



Hafnarfirði 24. apríl 2017

Ágætu umsjónarkennarar í 4. bekkjum

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir sérlega ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur. Lokahátíðir Litlu upplestrarkeppninnar standa nú yfir en þær verða 17 í Hafnarfirði þetta vorið. Ég reyni að komast á sem flestar hátíðir en mjög margar lenda á sömu dögum svo það reynist erfitt.

Eins og við ræddum strax í upphafi þá bað ég ykkur að skrá allt hjá ykkur í vetur, hvernig þið skipulegðuð vinnuna, hvað gekk vel og hvað þyrfti hugsanlega að skipuleggja betur. Ég set með 20 spurningar sem mér þætti vænt um að þið gæfuð ykkur tíma til að svara og senda mér eigi síðar en **10. maí** svo ég geti unnið úr þeim fyrir uppskerufundinn okkar.

Ég legg til að við höldum fundinn **mánudaginn 22. maí kl. 14:30 á Skólaskrifstofunni**. Þar munum við fara yfir starfið í vetur, hvernig þetta verkefni okkar hefur þróast og hvað við höfum lært af verkefninu og hverju það hefur skilað.

Kær kveðja, Ingibjörg Einars

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.
2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.
3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?
4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?
5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?
6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?
7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?
8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?

9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?
10. Var notað púlt á lokahátíðinni?
11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?
12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?
13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.
14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?
15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?
16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?
17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?
18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?
19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?
20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Samantekt úr greinargerðum .

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.

Byrjuðum á kynningu til foreldra. Nemendur æfðu ljóð heima og lásu saman í kór í skólanum, samlestur æfður. Í desember var talkór æfður og sýndur í salnum. Í janúar lögð áhersla á ljóð og samlestur. Í febrúar sögur og textar lesnir upp við hin ýmsu tækifæri. Púltæfingar, flutningur á morgunstundum, æft að tala í hljóðnema við púlt. Nemendur fóru heim með þulur og ljóð og æfðu sig með boðorðin sjö til hliðsjónar. Einnig var framsögn æfð í lotunni **sviðslist**. Í mars var haldið áfram að æfa heima og í skólanum og talkórar fluttir á menningarhátíð skólans. Í apríl var lokahátíðin undirbúin. Við byrjuðum að æfa reglulega eftir áramótin u.þ.b. þrisvar í viku.

Ég kynnti þetta ekkert sérstaklega fyrr en nær dró keppninni.

Við æfðum reglulega og m.a. var lesið upp í leikskólum. Valin ljóð til flutnings, talkórar og einstaklingar lesa. Æfðum ljóð og stökur til að flytja á hátíðinni. Æfðum á sal allt efnið og æfðum við hljóðnema og með tónlistaratriðum.

Verkefnið var felld inn í alla móðurmálskennslu. Ein kennslustund var þó sérstaklega tekin undir Litlu upplestrarkeppnina í upphafi en kennslustundir urðu þó fleiri þegar nær dró hátíðinni.

Við sendum heim kynningarbréf og ábendingar í upphafi varðandi framsögn og líkamsstöðu. En við byrjuðum mjög seint að æfa fyrir keppnina. (hátíðina sjálfa)

Framsagnarpróf í vikunni á eftir hátíðinni. Framsagnarmat.

(sjá fylgiskjöl úr nokkrum skólum þar sem skipulagið er sýnt stuttlega.)

2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.

Litla upplestrarkeppnin kynnt mjög vel fyrir foreldrum, alveg nauðsynlegt.

Framsagnaramboð sett á vikuáætlun svo foreldrar hefðu eitthvað til þess að styðjast við þegar æft er heima. Heimaverkefni aðra hverja viku. Þegar nær dró hátíðinni þurfti að kvitta undir að nemandi hefði æft sig a.m.k. fimm sinnum í viku.

Þegar nær dró hátíðinni sendi ég foreldrum punkta sem þurfti að leggja áherslu á, þ.e. boðorðin sjö.

Foreldrar upplýstir jafnt og þétt.

3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?

Studdi vel við aukna fjölbreytni í lestrarefni nemenda, nýtt í tengslum við ljóðakennslu. Framsagnarpróf sem er árlegt var samtvinnuð við upplestrarkeppnina og tókst mjög vel til.

Í lok æfingatímabilsins lögðum við meiri áherslu á upplesturinn en annan lesinn texta. Við nýttum hvert tækifæri eins og t.d. að lesa ritanir úr púlti – æfingar fyrir samveru og fleira.

Hvert tækifæri í hefðbundinni lestrarkennslu var nýtt, nemendur lásu meira upphátt ljóð sem og texta úr öðrum námsbókum.

Samlestur í hinum ýmsu námsgreinum jókst, samlestur, ljóð og ritun og að koma meira upp í púlt og flytja efni fyrir allan bekkinn.

Við fléttuðum verkefnið inn í allt námið.

Mér reyndist best að æfa framsögn allan veturinn.

Við notuðum íslenskutímana í æfingarnar og það kom niður á annarri íslenskukennslu á meðan.

4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?

Verulegur styrkur.

Styrkir lestrarkennsluna því bæði er verið að æfa lestur og leggja áherslu á skýran og áheyrligan lestur.

Þegar upp er staðið var styrkur sem fólst í þessu verkefni en undir lokin tók það e.t.v. of mikinn tíma á kostnað annarra verkefna.

Við teljum það ekki hafa truflað og við reyndum að flétta það inn í alla kennslu eins mikið og við gátum. Stundum tókum við 10 mínútur í upphafi tíma og stundum heila kennslustund. Börnin styrktust heilmikið bæði hvað varðaði lestur og framkomu.

Klárlega styrkur.

Styrkur, en vissulega tekur þetta tíma en sennilega græða þau á þessu þegar fram í sækir.

Hafði almennt jákvæð áhrif, kom fram í ýmsum myndum sérstaklega hjá þeim sem ekki voru sterkir í lestri en blómstruðu í framsögn. Margir nemendur lærðu ýmsa texta utan að, þó ekki hafi verið ætlast til þess en þeir urðu öruggari. Varð tvímælalaust til þess að þeir lásu meira og þeim fór mikið fram í framsögn. Nemendur sáu árangur af því að æfa sig heima.

5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?

Tímalengd verkefnisins var góð, kostur að hver skóli fékk að ráðstafa tímanum á sinn hátt.

Hæfileg lengd.

Við æfðum fyrir opnun Stóru upplestarkeppninnar í Hafnarborg og fór frekar langur tími í þann undirbúning en að lokum kom það ekki að sök þar sem við nýttum okkur það á okkar hátíð.

Þróunarverkefnið hefði mátt taka styttri tíma og í okkar tilfalli mátt vera hnitmiðaðra. Alveg hæfilegt og gott að gera kennsluáætlun frá upphafi. Ég lærði svo mikið.

6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?

Börnin útbjuggu boðskort og kennarar sendu jafnframt bréf heim þar sem keppnin var kynnt og fólki boðið. Einnig var vandaðri dagskrá dreift til boðsgesta þar sem öll atriði voru nefnd, upplestur og skemmtiatriði.

Með tölvupóstum, vikupistlum og umræður á sameiginlegri fésbókarsíðu bekkjarins.

Með bréfum og við hvöttum foreldra til að bjóða líka öfum og ömmum á hátíðina.

7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?

Auk foreldra mættu afar og ömmur og svo nemendur í 3. bekk sem er alveg orðin föst hefð og alveg nauðsynlegt.

Foreldrar, afar og ömmur, skólastjórnendur, aðrir kennarar og nemendur í þriðja og fimmta bekk. Góður undirbúningur fyrir þriðja bekkinn.

Hinn fjórði bekkurinn var líka í salnum og tók þátt í lokin. Að þessu sinni ekki þriðji bekkur, þorðum ekki að taka áhættu vegna hegðunarerfiðleika í bekknum.

Skemmtileg blanda af foreldrum, öfum og ömmum auk þriðja bekkjar.

Val á boðsgestum tókst að öllu leyti vel. Auk foreldra og þriðja bekkjar var hátíðin auglýst innan húss.

Gaman að Ingibjörg skyldi komast á hátíðina.

8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?

Hátíðin var haldin í heimastofu bekkjanna.

Hátíðirnar allar í sal skólans. Síðan farið í bekkjarstofur og foreldrar, kennarar og nemendur gæddu sér á veitingum.

Héldum hátíðirnar núna í sal, höfðum áður verið í heimastofum. Heldur er hátíðlegra að hafa hana á sal.

Í sal og búið að raða flott upp í sal og hátíðlegt með blómum og fána.

9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?

Já, við notuðum hljóðkerfi, vorum með 2-3 hljóðnema sem var mjög gott.

Hljóðkerfi var notað, bekkirnir nýttu það mismikið, mjög gott að hafa kost á því.

Við notuðum hljóðkerfi í þetta sin nog það tel ég nauðsynlegt. Þau fengu að æfa sig aðeins að tala í hljóðnema og fannst það mjög skemmtilegt. Í heimastofu var það ekki nauðsynlegt.

Einn hljóðnemi var notaður, hann var fastur á borði og kynnir notaði hann og þeir nemendur sem lásu einir.

Fyrir suma var nauðsynlegt að nota hljóðnema.

Við vorum í heimastofu og hljóðnemi var ekki notaður.

10. Var notað púlt á lokahátíðinni?

Púlt var notað á hátíðinni.

Púltið setti ákveðinn hátíðleika á keppnina og hljóðkerfið til þess að betur heyrðist í nemendum.

Kynnar notuðu púltið, einnig notað í nokkrum atriðum.

Já og nei, ekki á lokahátíð hjá öllum.

Við notuðum það og líka á æfingatímabilinu.

Já, og notað á mismunandi hátt.

11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?

Nemendur tóku að sér að kynna öll verkefnin.

Skólastjóri setti hátíðina, börnin kynntu ýmist einn eða tveir fyrir hvern bekk.

Umsjónarkennari var kynnir.

Deildarstjóri yngri deildar setti hátíðina og kennarar sáu um að kynna atriðin.

Á einni hátíðinni voru tveir, drengur og stúlka en á einni hátíðinni voru fleiri.

12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?

Það gekk vel að nota talkórinn. Hann var notaður sem tveir og tveir, fimm saman og sex saman o.s.frv.

Við notuðum alls konar afbrigði af talkórnum og var það einstaklega skemmtilegt.

Stundum voru stelpur saman og stundum strákar, stundum litlir hópar og stundum stórir og einnig vorum við með talkór sem stækkaði stöðugt.

Ýmis afbrigði notuð og við urðum stöðugt betri í að nota hann, alveg frábær kennsluaðferð.

Það varð eiginlega það skemmtilegasta sem nemendur höfðu kynnst.

Við notuðum öll afbrigði og gekk frábærlega að nota talkórinn.

13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.

Dagskránni var algerlega fylgt og gott að fá þetta svona upp í hendurnar. Textarnir margir og þá er hægt að velja úr og nýta eins og maður vill. Tímalengd var 40 mínútur.

Við fylgdum henni í stórum dráttum, tímalengd var mátuleg eða ca. 40 mínútur.

Fylgdum henni nær alveg. Mér fannst við fyrstu sýn þetta vera ansi mikið lesefni en þegar allt slípaðist til var það hæfilegt. Finnst gott að gefa kennurum aðeins val um efni eins og gert er.

Efnið var notað að hluta en einnig bætt öðru efni við. En meginmarkmið okkar var að halda uppskeruhátíð sem hentaði hverjum nemendahópi fyrir sig. Tímalengd hátíðar var 30-40 mínútur. Að okkar mati er mikilvægt að sýna skilning á því að nemendahópar eru ólíkir og taka ber tillit til þess þegar kennarar eru að setja saman dagskrá fyrir

hátíðardag. Dagskrá hveurrar hátíðar á því að fara eftir hverjum nemendahópi fyrir sig, getu hans og áhuga.

Dagskráin var samkvæmt skipulagi frá Ingibjörgu og engu af efninu var sleppt.

Tímalengdin var hæfileg.

Dagskránni frá IE fylgt í stórum dráttum. Í einstaka tilfellum var ljóðatexta skipt út og annar settur inn.

14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?

Þeim ljóðum sem var sleppt þótti kennurum nemendur ekki hafa eins gaman af að lesa eða ekki lesa á eins skemmtilegan hátt og það sem valið var.

Við slepptum ljóðinu þakklæti og einni sögu úr dæmisögum Esóps. En bættum í staðinn við auka tónlistaratriði.

Já, að okkar mati var dagskráin of löng miðað við nemendahóp okkar.

Við slepptum einni sögu en tókum lengra ljóð í staðinn.

Nei, slepptum engu og vorum ánægðar með allt lesefnið.

Slepptum þulunni um köttinn og músina því okkur fannst hún ekki mjög skemmtileg og svo var lesefnið orðið nógu langt.

15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?

Já, þeir nemendur skólans sem tóku þátt í Hafnarborg komu og fluttu ljóð. Frábært fyrir nemendur í 4. bekk að sjá þá sem eldri eru flytja ljóð og texta.

16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?

Lesefnið var allt við hæfi. Það var bara misjafnt hvað höfðaði til nemenda.

Okkur fannst lesefnið hæfilega þungt. Þó komu orð inn á milli sem flæktust fyrir þeim en það var ágætt því þá lærast þau og eru æfð betur.

Góð blanda af þungu og léttu. Þó voru of fáar vísur og frásagnir eftir konur. Eins væri gaman að hafa meiri fjölbreytni í höfundavali.

Nei, þetta voru skemmtilegir og vandaðir textar. Óskabjúgað reyndist svolítill tungubrjótur (t.d. bjúgað atarna...)

Lesefnið var vel við hæfi.

17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?

Já, mjög gott að hittast og fá hvatningu og hugmyndir og segja frá því sem við vorum að gera.

Ég hafði því miður ekki tók á að mæta á fundina en fékk fréttir af þeim. Hef gert þetta áður og bjó að þeirri reynslu.

Einn fundur er nóg að okkar mati.

Já, við höfðum mikið gagn af báðum fundunum. Við vorum báðar að gera þetta í fyrsta sinn og þess vegna var mjög gott að mæta á fundina.

Námskeiðið er mjög gagnlegt fyrir okkur.

Fundirnir í október og janúar eru algerlega nauðsynlegir.

18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?

Það fyrirkomulag sem er við lýði er gott.

Hæfilegt að okkar mati, sjálfsagt einstaklingsbundið.

Nei, það held ég ekki.

Við erum sáttar við hvernig staðið er að þessu.

Nei, bara mæta á fundina sem haldnir eru því þar er allt útskýrt svo vel.

19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?

Já, algjörlega. Þetta er eitt það mikilvægasta sem maður þarf að takast á við í lífinu. Það að geta komið fram, finna öryggið eftir að hafa lagt svona mikið á sig og upplifa hversu stoltur maður verður og aðrir stoltir af manni.

Já, það vonum við svo sannarlega.

Já, það vona ég. Það þarf bara að gera ráð fyrir þessari vinnu og ekki gleyma að þetta tekur tíma ef vel á að vera. Finnst þetta frábært verkefni og skemmti mér konunglega.

Mikilvægt að gleyma ekki að allir þeir sem koma að Litlu upplestrarkeppninni, nemendur, kennarar og aðrir eru að gera sitt besta. Það væri hvetjandi fyrir kennara að vita til þess að tímalengd og efni dagskrár væri sveigjanlegt og að hann megi aðlaga það að sínum nemendahópi.

Já, það vonum við svo sannarlega.

Okkur finnst nauðsynlegt að halda þessu fyrirkomulagi áfram og Litla upplestrarkeppnin er góður undirbúningur fyrir nemendur þegar þeir taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Litla upplestrarkeppnin er skemmtileg og góð viðbót inn í skólalastarafið. Hún er líka góður vettvangur til að styrkja tengslin milli skóla og heimila.

20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Nemendum fannst þetta mjög skemmtilegt og tóku margir miklum framförum í lestri og að koma fram. Okkur þótti gaman að Ingibjörg skyldi gefa sér tíma til koma á hátíðina okkar og nemendum þótti vænt um að hún skyldi halda smá tölu í lokin og afhenda þeim viðurkenningarskjölin.

Það setti enn hátíðlegri blæ á keppnina að hafa tónlistaratriði og söng á dagskrá.

Tókst mjög vel, góð viðbót við þá vinnu sem fram fer í skólanum. Framsögnin var tekin fastari tökum með þessu ferli og nemendum fór að finnst það sjálfsgóður hlutur að koma upp í púlt. Mjög gaman að fá stjórnendur á sal og enn skemmtilegra hefði verið ef Ingibjörg hefði komist á allar hátíðirnar. Nemendur voru mjög stoltir og ánægðir með að fá viðurkenningarskjölin að lokum.

Bæði ég og nemendur mínir höfðum ákaflega gaman af því að æfa fyrir keppnina. Það reyndist mér best að æfa almenna framsögn frá hausti en svo æfðum við þéttar þegar fór að nálgast lokahátíðina. Ég hef ætíð lagt áherslu á að það er ekki síður mikilvægt að vera góður hlustandi og ég held að það hafi tekist. Þau báru virðingu fyrir þeim sem voru að lesa í það sinnið. Við ræddum t.d. tilfinningar sem koma fram í sögunum og ljóðunum þannig að úr varð hálfgerður leiklestur. Mér finnst mikilvægt að koma í veg fyrir flatneskju. Áður en þau stigu á svið á lokahátíðinni sagði ég þeim að hvert orð sem frá þeim kæmi ætti að vera eins og konfektmoli! Eftir hátíðina spurði ein stúlkan mig hvort við myndum ekki æfa okkur aftur og ég spurði hvort hún væri að meina sama textann en þá sagði hún, nei. Ný ljóð!

Mér finnst þetta dásamlegt verkefni og hlakka til að gera þetta aftur.